



MANNVIT

Minnisblað

Viðtakandi: Þórdís Stella Erlingsdóttir, Skipulagsstofnun
Sendandi: Bergrós Arna Sævarsdóttir, Mannvit
Dreifing: Ólafur Hreinsson, Vegagerðin
Dagsetning: 3. júlí 2023.
Skjalanúmer: 1681298-000-HMO-0001

Viðbrögð við umsögnum við fyrirspurn um matskyldu – Norðausturvegur (85) um Brekknaheiði

Vegagerðin hefur sent Skipulagsstofnun erindi, móttengið 8. maí 2023, þar sem tilkynnt er um Norðausturveg (85) um Brekknaheiði, Langanesvegur – Vatnadalur í Langanesbyggð samkvæmt 19. gr. laga nr. 111/2021 og tl. 10.08 X í 1. viðauka við lögin. Með erindinu fylgdi greinargerð.

Skipulagsstofnun óskaði eftir að eftirtaldir aðilar veittu umsögn um málið:

- Langanesbyggð – umsögn barst 15. júní 2023.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE) – umsögn barst 19. júní 2023.
- Minjastofnun Íslands – umsögn barst 31. maí 2023.
- Míla – umsögn barst 17. maí 2023.
- Náttúrufræðistofnun Íslands – umsögn barst 14. júní 2023.
- Rarik – Umsögn barst ekki.
- Umhverfisstofnun – umsögn barst 6. júní 2023.

Frestur til að skila umsögnum til Skipulagsstofnunar var til 14. júní 2023 og er ákvörðunar Skipulagsstofnunar að vænta 5. júlí 2023.

Viðbrögð Vegagerðarinnar

Umsögn **Langanesbyggðar** krefst ekki viðbragða.

Umsögn **Mílu** krefst ekki viðbragða. Líkt og fram kemur í kafla 3.1 í fyrirspurninni um lagnir og girðingar verður haft samráð við eigendur lagna, þ.á m. Mílu, vegna vegagerðarinnar.

Umsögn **Minjastofnunar Íslands** krefst ekki viðbragða. Í kafla 5.6 um fornleifar í fyrirspurninni er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar líkt og fram kemur í umsögn MÍ. Ef áður óþekktar fornminjar finnast við framkvæmd mun Vegagerðin stöðva framkvæmd og hafa samband við Minjastofnun Íslands í samræmi við 2 mgr. 24 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Í umsögn sinni fjallar **Náttúrufræðistofnun Íslands** um endurheimt votlendis og mögulega endurheimt búsvæða mófugla. Líkt og fram kemur í kafla 5.3 í fyrirspurnarskýrslunni mun Vegagerðin endurheimta votlendi í stað þess sem raskast í samráði við LBHÍ og aðra. Þá munu röskuð svæði verða jöfnuð og grædd upp í samráði við Umhverfisstofnun. Vegagerðin mun leitast við að nota grenndargróður við uppgræðslu á röskuðum svæðum.



HNE bendir í umsögn sinni á að vélknúin tæki skulu vera í fullkomnu lagi og yfirfarin af Vinnueftirliti eða öðrum þar til hæfum aðila. Í útboðslýsingu Vegagerðarinnar verður vísað í Öryggishandbók Vegagerðarinnar þar sem gerð verður krafa um gott ástand ökutækja og að vélar og tæki fari í reglulegt lögbundið eftirlit.

Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að leggja skuli áherslu á vandaðan frágang og umgengni um svæðið.

Líkt og fram kemur í kafla 3.2 í fyrirspurninni um efnisþörf segir að reynt verði að ganga frá efnistökusvæðunum þannig að þau falli sem best að umhverfinu. Vegagerðin áformar að setja í útboðslýsingu ákvæði um að ganga eigi endanlega frá námum og að hryggir í jökulruðningsholtum skulu fjarlægðir. Ekki er gert ráð fyrir að núverandi vegur verði afmáður nema að litlu leyti, en hann mun nýtast sem reiðleið og girðingarstæði.

Einnig fjallar Umhverfisstofnun um votlendi og mögulegar aðgerðir til þess að lágmarka áhrif á þau. Stofnunin nefnir t.d. að skoða eigi hvort unnt sé að hnika vegi til við Botna til þess að lágmarka rask á votlendi.

Við nánari hönnun verður skoðað hvort möguleiki sé á að hnika veglínunni norður fyrir votlendið við Botna líkt og Umhverfisstofnun leggur til. Hins vegar bendir Vegagerðin á að líklega nái votlendið lengra en sýnir á mynd 5.2 í fyrirspurnarskýrslunni. Myndin sýnir votlendissvæði sem skráð voru í vettvangsferð Náttúrustofu Austurlands þar sem farið var yfir rannsóknarsvæði sem miðaði við ákveðna fjarlægð frá miðlínu vegar og því er kortlagningin háð þeirri svæðaafmörkun.

Námuvegir hafa ekki verið fullhannaðir, en reynt verður að finna þeim stað um þurrlandi, bæði vegna umhverfissjónarmiða en ekki síst kostnaðarsjónarmiða.